



Alþingi - nefndasvið

Umsögn Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar - Frumvarp um breytingu laga um Kristnisjód o.fl. nr. 35/1970

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi beiðni til Reykjavíkurborgar þann 3. maí sl. þar sem óskað var eftir því að veitt yrði umsögn um frumvarp til laga um Kristnisjód ofl. (ókeypis lóðir), 269. mál. Skrifstofa borgarstjórnar sendi umsagnarbeiðni til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Í 5. gr. laga um Kristnisjód ofl. nr. 35/1970 segir að sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna sé skylt að leggja til ókeypis lóðir lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Í greinargerð með nýju frumvarpi segir að nýleg dæmi séu þess að sveitarfélög hafi litið svo á að á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar beri þeim einnig að leggja til ókeypis lóðir undir sambærilegt húsnæði til annarra trúfélaga. Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum úthlutað fjórum lóðum til trúfélaga og hefur í þeim tilvikum nýtt sérstaka lækkunarheimild í 9. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007, sbr. samþykkt nr. 311/2010, 832/2015 og 208/2016, og ákveðið á grundvelli þeirrar heimildar að engin gatnagerðargjöld skuli greiddast af byggingum trúfélaga þegar lóðum hefur verið úthlutað til þeirra. Umrædd 9. gr. samþykktarinnar sækir stoð í 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Ákvæði 9. gr. samþykktarinnar hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu þess húsnæðis sem getur fallið undir það og með vísan til þess, svo og með hliðsjón af ákvæðum stjórnsýslulaga um jafnræði og meðalhóf og af ríkjandi sjónarmiðum um jafnrétti trúfélaga, hefur borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkt að úthluta skráðum trúfélögum utan Þjóðkirkjunnar lóðum með sömu kjörum og Þjóðkirkjunni eru tryggð með lögum um Kristnisjód o.fl., þ.e. án greiðslu gatnagerðargjalds.

Ætla má að nügildandi ákvæði 5. gr. laga um Kristnisjód o.fl. nr. 35/1970 sé meginforsenda þess að Reykjavíkurborg hafi kosið að nýta lækkunarheimild 9. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg með þessum hætti. Þessi rúma túlkun á ákvæði 5. gr. laga um Kristnisjód o.fl. hefur verið nokkuð umdeild og mikið verið rætt um hvort Reykjavíkurborg sé í raun skylt að undanskilja lóðir allra skráðra trúfélaga með þeim hætti sem gert hefur verið. Sérstaklega hafa komið upp álitæfni varðandi framkvæmdafresti, en fyrir liggur að framkvæmdir eru ekki hafnar á þremur af þeim fjórum lóðum sem Reykjavíkurborg hefur úthlutað til trúfélaga á undanförunum árum. Ekki verður betur séð en að þessi rúma túlkun á ákvæðinu geti, í það minnsta í einhverjum tilvikum, leitt til þess að trúfélög sækist eftir því að fá úthlutaðri lóð án þess búið sé að tryggja fjármögnun fyrir framkvæmdum á lóðinni. Þetta getur leitt til þess að verðmætar lóðir geta staðið auðar árum


saman án þess að byggt sé á þeim.

Með lögum nr. 6/2013 var gerð breyting á lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999. Með breytingunni var staða skráðra lífskoðunarfélaga og trúfélaga gerð sambærileg, sbr. 1. og 2. gr. laganna. Þessi breyting leiðir óhjákvæmilega til aukinna vandkvæða við túlkun á 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl., þar sem fleiri félög en áður gætu nú talið sig eiga rétt á lóðum á grundvelli fyrrgreindra lóðaúthlutanna til trúfélaga. Lífsskoðunarfélög hafa nú í auknum mæli óskað eftir að fá lóðum úthlutað hjá Reykjavíkurborg án greiðslu gatnagerðargjalda. Þessum beiðnum hefur þó til þessa verið hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar.

Tekið er undir þau sjónarmið að orðalag núgildandi 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970 sé óskýrt og túlkun þess sé vandkvæðum bundin. Eins og áður segir hefur Reykjavíkurborg valið þá leið að túlka ákvæðið með rúmum hætti og til samræmis við almenn jafnræðissjónarmið, þannig að það sé látið gilda um öll skráð trúfélög en ekki einungis kirkjur Þjóðkirkjunnar. Ef ákvæðið væri felld á brott úr lögum væri skylda sveitarfélaga til að undanskilja lóðir gatnagerðargjaldi sem úthlutað er til trúfélaga ekki lengur til staðar. Ef sú leið yrði valin að breyta orðalagi ákvæðisins í stað þess að fella það á brott, þ.e. með því að tilgreina kirkjur þjóðkirkjunnar sérstaklega, væri það til samræmis við 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllt


Magnús Ingi Erlingsson, lögfræðingur


Gunnar Már Jakobsson, lögfræðingur